Listi sem hver bátur ætti að hafa um borð til áminningar um það sem þarf reglulega að fara yfir og hafa í huga til að auka öryggi.

Dælubúnaður vél, eldsneytis og rafkerfi.

- Gróðurmyndum í tönkum sem geta orsakað stíflu í olíukerfum og síum. (Gerist stundum eftir langt stopp)
- Hreinsa eldsneytisolíukerfi, olíugeyma, lagnir og síur sérstaklega vel eftir langa legu báts.
- Athuga með olíumæla, eru þeir að sýna rétta olíustöðu um borð? Er hægt að mæla olíustöðuna um borð ef mælir er bilaður?
- Athuga ástand rafgeyma og ef vafi er um ástand, biðja skoðunamenn um að álagspófa geymana.
- Eru lensidælur og lagnir frá dælu í lagi? (Æskilegt að hafa færanlega handdælu um borð?)
- Vara olíu og vatns síur og verkfæri til að skipta um þær.
- Vara reimar og verkfæri til að skipta um þær.
- Varabirgðir af smurolíu.
- Landfestar í góðu ásigkomulagi?
- Ankeri klár og tilbúin til notkunar?
- Stýri og neyðarstýri í lagi?
- Siglingaljós í lagi?
- Úti hátalarar fyrir talstöð í lagi?

Neyðar og björgunarbúnaður.

- Yfirfara frágang á losunarbúnaði björgunarbáta.
- Björgunarbúningar og –vesti aðgengileg.
- Handslökkvitæki aðgengileg. (Ekkert að því að hafa fleiri en reglugerðir gera ráð fyrir)
- Neyðarútgangar greiðfærir.
- Neyðarstigi í lagi. (Fastur stigi á skut)
- Sjúkrakassi í lagi.
- Neyðarblys.
- Neyðarsendar.
- Vasaljós + auka rafhlöður.
- Dráttartóg.

Fjarskipti og sigling.

- Talstöð, AIS og sími í lagi.
- Loftnet fyrir talstöð AIS og síma í lagi.
- Sýnir AIS tæki réttar upplýsingar þ.e. auðkenni báts og nafn (hægt að athuga á marinetraffic.com).

Brottför

- Að allt sé í lagi sem listað hefur verið upp hér að ofan.
- Lögskráning samkvæmt reglum, trygging áhafnar, réttindi og öryggisfræðsla skipverja í lagi.
- Athuga veðurspá.
- Næg hvíld fyrir sjóferðina.
- Þekking á stjórnbúnaði báts og stöðuleika.

- Næg eldsneytisolía fyrir sjóferðina.
- Sjóbúnaður í lagi.
- Kveikja á AIS tæki fyrir brottför
- Tilkynna brottför til strandstöðvar á rás VHF 09 eða með vss appinu.
- Talstöð stillt á Dual Watch (vinnurás og rás 16) eða rás 16.
- Tilkynna við brottför ef tilgangur er annar en Strandveiðar.
- Klæðast „fleytibúnaði“ við vinnu á þilfari.
- Sjókort (uppfært) af svæðinu sem veiðar eru stundaðar í plasti/plastað.